

# STARFSÁÆTLUN FJÖLSKYLDU- OG FÉLAGSSVIÐS



**REYKJANESBÆR**

Fjölskyldu- og  
félagssvið 2008



Efnisyfirlit	
Inngangur .....	3
Framtíðarsýn Reykjaneshæjar 2006 - 2010.....	4
Skrifstofa Fjölskyldu- og félagsviðs .....	4
Starfsmannamál 02-010.....	4
Barnavernd 02-310.....	5
Stoðþjónusta .....	6
Fjárhagsaðstoð 02-110.....	6
Björgin 02-519.....	6
Öldrunarþjónusta og félagsleg heimþjónusta 02-450.....	7
Gæsluvellir 04-182 .....	8
Dagforeldrar og umönnunargreiðslur 04-171.....	8
Dagdvöl 02-410 .....	9
Húsnæðismál 02-180 .....	9
Jafnréttis- og fjölskyldumál 02-190.....	9
Málefni fatlaðra 02-510 og 519 .....	9
Forvarnir og þróun.....	10
Hælisleitendur 02-650.....	10
Fjölmennung 02-190 .....	10
Forvarnir.....	11

## Inngangur

Vinna við starfsáætlun Fjölskyldu- og félagssviðs Reykjanesbæjar (FFR) vegna ársins 2009 fór þannig fram að hver deild fyrir sig vann drög að áætlun þeirra málaflokka sem undir þær falla, framkvæmdastjóri og forstöðumenn deilda unnu drög að yfirstjórn og starfsmannamálum. Þann 26. september kom svo allur hópurinn saman þar sem drögin voru kynnt og tækifæri gafst til að hafa áhrif á endanlega áætlun.

Í starfsáætlunarvinnunni er ávallt tekið mið af framtíðarsýn Reykjanesbæjar 2006-2010. Eins og áður var farið yfir skipurit FFR, dreifingu verkefna og áherslur bæði í starfsmannamálum og þjónustu. Farið var yfir einstaka þjónustubætti með það í huga hvort ástæða sé til endurskipulags.

Starfsáætlun er mikilvægt stjórnþæki í umhverfi þar sem gerð er krafa um skilvirkni og fagleg vinnubrögð. Eðli félagslegrar þjónustu tengist mannlegum samskiptum og aðstoð við fólk í félagslegum erfiðleikum. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að setja sér markmið og fylgja þeim eftir.

Þetta er í tíunda sinn sem unnin er starfsáætlun fyrir FFR. Alls tóku 22 starfsmenn þátt í starfsáætlunarvinnunni.

Við val á leiðarljósi komust starfsmenn að þeirri niðurstöðu að í raun leggi bæjaryfirvöld grunn að leiðarljósi þjónustustofnana bæjarins við upphaf hvers kjörtímabils þegar framtíðarsýn er ákveðin. Því var ákveðið að leiðarljós starfsársins 2009 skyldi vera það sama og í framtíðarsýn 2006 - 2010:

**„Heilbrigði og hamingja”**

*Reykjanesbæ í október 2008  
Hjördís Árnadóttir, framkvæmdastjóri*

## Framtíðarsýn Reykjanesbæjar 2006 - 2010

### *Tími til að njóta efri ára, lengur og betur*

Hugað verða að því að öll starfsemi Reykjanesbæjar á Nesvöllum verði skipulagslega undir einni stjórn. Ábyrgð: HÁ

Leitað verði leiða til að efla enn frekar samfélagslegt hlutverk þjónustumiðstöðvarinnar á Nesvöllum. Ábyrgð: RE/ILG

Hugað verði að notendasamráði varðandi starfsemina á Nesvöllum. Ábyrgð: ILG

### *Tími unga fólksins, til að lifa, læra og njóta*

Áætlun um mótun stefnu í forvarnarmálum ljúki á árinu og framkvæmdaráætlun lögð fram. Áætluninni verði markvisst fylgt eftir til stofnana og samstarfsaðila. Ábyrgð: HÓE

### *Tími fyrir börnin okkar*

Styrking á þjónustu barnaverndar. Ábyrgð: MG

Áhersla á aukið samstarf við tengslastofnanir og þróun nýrra úrræða. Ábyrgð:MG

### *Lærum af öðrum þjóðum*

Áfram verði lögð áhersla á að kynna það fjölmenningslega samfélag sem Reykjanesbær er. Fjölmenningsstefna Reykjanesbæjar verði höfð að leiðarljósi við skipulag og framkvæmd málaflokksins. Áhersla á gagnkvæma virðingu meðal allra íbúa. Ábyrgð/HÓE

## Skrifstofa Fjölskyldu- og félagssviðs

### **Starfsmannamál 02-010**

Áhersla skal lögð á menntun og endurmenntun starfsfólks, handleiðslu, hópefli og heilbrigðan lífsstíl. Sérstaklega sé tekið mið af núverandi aðstæðum í húsnæðismálum og álagi sem því fylgir. Áfram verði lögð áhersla á eflingu starfseininga sem og starfsmannaheildarinnar. Ábyrgð: HÁ/forstöðumenn deilda

Bakvaktarfyrirkomulag verði endurskoðað með tilliti til mögulegra viðbótar verkefna sem varðar þjónustu við geðfatlaða og aldraða. Ábyrgð: HÁ og forstöðumenn deilda

Unnið verði að hugmynd um framlínustarfsmann fyrir FFR í afgreiðslu/þjónustuborð Reykjanesbæjar í væntanlegu ráðhúsi. Ábyrgð: HÁ

Öryggisstefna um meðferð og vörslu trúnaðargagna verði innleidd á árinu. Ábyrgð: HÁ og forstöðumenn deilda

## Barnavernd 02-310

Farið verði yfir verklag innan barnaverndar: Eyðublöð yfirfarin og endurbætt. Settar verði verklagsreglur er varða ofbeldismál gagnvart börnum. Samstarf við stofnanir t.a.m. skóla og FRÆ verði endurskoðað. Send verði bréf til skóla þegar móttækin hefur verið tilkynning frá þeim. Settar verklagsreglur við flutning mála til stoðþjónustu. Unnið verði að því að safna saman upplýsingum um aðferðir sem hægt er að nota til viðræðna við börn vegna erfiðra mála. Ábyrgð: MG/allir starfsmenn

Breytingar verði gerðar á föstum fundum barnaverndar, annarvegar verði afgreiðslufundir þar sem afgreidd verða praktísk mál en hins vegar verði meðferðarfundir. Einnig verði fræðslufundir haldnir á átta vikna fresti, sem starfsmenn skiptast á að hafa umsjón með. Ábyrgð: MG

Starfsmenn fari í kynnisferðir til stofnana sem tengjast verksviði barnaverndar. Tilgangur er að kynnast nýjungum og áhugaverðum starfsháttum með það í huga að bæta þjónustu við viðskiptavinum. Ábyrgð: AH

Í samstarfi við skóla verði haldnir upphafsfundir þegar tilkynning berst frá viðkomandi skóla. Ábyrgð: ES

Áfram verði boðið upp á fræðsluerindið „Verndum þau“ til stofnana og félagasamtaka í Reykjanesbæ. Ábyrgð: MG

Námskeiðið Fjör og færni verði áfram í boði fyrir börn á grunnskólaaldri í Reykjanesbæ sem þurfa á sjálfsstyrkingu o.fl. að halda. Ábyrgð: MG

Hafinn verði undirbúningur að stuðningsúrræðinu „Fyrir og eftir skóla“. Úrræðið er fyrir börn sem skólasókn hefur verið áfátt hjá og hafa slæma stöðu náms- og félagslega. Ábyrgð: MRS

Boðað verði til fundar vegna málefna barna með erlent fyrsta tungumál. Barnaverndarstarfsmenn munu taka sérstaklega mið af börnum er hafa ekki íslensku að móðurmáli. Það verður gert með virkri samvinnu við þá aðila sem vinna að málefnum innflytjenda í sveitafélaginu. Lögð verður áhersla á að auðvelda börnum aðlögun að íslensku samfélagi. Barnaverndarstarfsmenn munu í samráði við forstöðumann forvarnar- og þróunarviðs FFR boða til funda vegna málefna barna með erlent fyrsta mál. Ábyrgð: ETR

Farið verði yfir stöðu „Morgunhanans“ í samvinnu við forvarnar og þróunarsvið FFR. „Morgunhaninn,“ er forvarnarverkefni sem unnið er með SAMTAKA-hópnum. Um er að ræða stuðning við börn á aldrinum 13-16 ára sem skólasókn er ábótavant hjá. Ábyrgð: MG

Í samstarfi við FRÆ verði kannaðar forsendur á framhaldi SOS-einkakennara námskeiðsins sem boðið hefur verið upp á undanfarin ár. Ábyrgð: MG.

Úrræðið „persónulegur ráðgjafi“ verði endurskipulagt með tillit til mögulegs hópstarfs með mismundandi hópa. Leitað verði samstarfs við Fjörheima. Ábyrgð: ETR/AH

Tengsl starfsmanna barnaverndar og tilsjónarstarfsmanna verði eflað. Einnig tengsl milli tilsjónarstarfsmanna innbyrðis, m.a. með sameiginlegri fræðslu. Stefnt verði að mánaðarlegum skilafundum barnaverndar starfsmanna og tilsjónaraðila. Ábyrgð: MG og allir starfsmenn barnaverndar

## Stoðþjónusta

### Fjárhagsaðstoð 02-110

Reglur um fjárhagsaðstoð verða endurskoðaðar. Ábyrgð: EHG/HG/RE

Farið verði í endurskoðun skipulags sálfræðiþjónustu sem FFR hefur boðið viðskiptavinum uppá, sérstaklega skal kannað með þörf á þjónustu kvensálfræðings. Kannað verði mögulegt samstarf við vinnumiðlun um sálfræðiþjónustu. Einnig verði hugað að því að setja á gjald fyrir sálfræðiþjónustu með svipuðum hætti og er með sérfræðiþjónustu hjá heilbrigðisstéttum. Ábyrgð: EHG/HG/RE

Einstaklingum sem lengi hafa verið á fjárhagsaðstoð verði boðið að taka þátt í Samvinnu – starfsendurhæfingu á Suðurnesjum. Leitað verði mögulegra leiða til að skilyrða fjárhagsaðstoð við þátttöku í starfsendurhæfingu. Ábyrgð: EHG/HG/RE

Samstarf við Tryggingastofnun ríkisins verði eflt enn frekar. Stefnt verði að því að halda mánaðarlega fundi með Tryggingastofnun ríkisins og Svæðisvinnumiðlun. Ábyrgð: RE/EHG/HG

Athugað verði með kaup á ASEBA listum fyrir fullorðna í samvinnu við Svæðisvinnumiðlun. Ábyrgð: EHG/HG

### Björgin 02-519

Í febrúar verði gefið út fréttabréf til félaga og samstarfsaðila. Gerð verði handbók fyrir Björgina og áhersla lögð á gagnvirka heimasíðu. Ábyrgð: USS/RSG

Stofnaður verði aðstandandahópur fólks með geðraskanir sem hittist u.þ.b. einu sinni í mánuði í Björginni. Ábyrgð: RSG

Eftirfylgd með félögum í Björginni verði aukin m.a. í formi hópastarfs, símhringinga og viðtala. Ábyrgð: RSG

Samstarf verði eflt við helstu samstarfsaðila s.s. félagsþjónustur á svæðinu, Tryggingastofnun, Svæðisvinnumiðlun, fræðsluyfirvöld á svæðinu, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Miðstöð símenntunar, o.fl. Ábyrgð: RSG

Iðjubjálfun verði eflað innan Bjargarinnar og hugað verði að iðju sem henti karlmönnum Stefnt er að því að fá nema í iðjubjálfun til starfsnáms í Björginni. Ábyrgð: MP/RSG

Verkefnið „Fjölmenningarfáninn“ sem félagar í Björginni hafa framkvæmt sl. ár fyrir Ljósanótt verði endurhannað. Ábyrgð: GG/LÓA/HÓE

Boðið verði upp á fjölbreytni í námskeiðavali s.s. í skapandi skrifum, teiknun, málun, kúlu- og kortagerð, danskennslu, viðgerð á fatnaði, leir- og glervinnslu, fluguþýtingum, silfursmíði, ljósmundun, leiklist, tjáningu, tölvuvinnslu, o.fl. Ábyrgð: RSG/USS/GG/HÁ

Hlutverk geðteymis verði skilgreint nánar. Ábyrgð: MP/HG

Geðræktarskólinn verði eflaður og leitað eftir fjárhagslegum og faglegum stuðningi við hann. Sótt verði um styrki til sjóða og fyrirtækja. Ábyrgð: RSG/MP

Rekstrargrundvöllur Bjargarinnar verði tryggður með öruggri aðkomu ríkis og sveitarfélaga og með samfélagslegum hætti. Leitað verði stuðnings Heilbrigðisráðuneytis, Félags- og tryggingamálaráðuneytis, fyrirtækja og félagasamtaka á svæðinu. Ábyrgð: RSG/HÁ

„Geðveikir dagar/ur“ verði haldnir árlega í tengslum við forvarnar- og heilsuviku Reykjanesbæjar. Ábyrgð: RSG

### **Öldrunarþjónusta og félagsleg heimaþjónusta 02-450**

Gerð verði viðhorfskönnun til þjónustu, meðal þjónustuþega öldrunarþjónustunnar, með það að leiðarljósi að leitast við að koma sem best til móts við þarfir þeirra. Á sama hátt verði gerð viðhorfskönnun meðal þeirra sem sækja þjónustu á Nesvelli. Ábyrgð: KJ/ÁE

Vegna stækkunar sveitarfélagsins verði hugað að því hvort ástæða sé til að skipta heimaþjónustunni í tvö svæði. Ábyrgð: KJ

Félagsráðgjafar stoðþjónustu verði með fasta viðveru á Nesvöllum í því skyni að efla teymisvinnu starfsmanna og til ráðgjafar fyrir viðskiptavini. Ábyrgð: HG og EHG

Reglulegt samstarf við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) verði eftt enn frekar. Leitað verði leiða til að tengja þjónustu HSS við Nesvelli. Ábyrgð: KJ/RE

Boðið verði upp á tvö fagnámskeið fyrir starfsfólk í öldrunarþjónustu. Fræðsla verði eflid t.d. um öldrunarsjúkdóma, geðfatlanir, vinnusálfræði, iðjuþjálfun o.fl. Ábyrgð: KJ

Gerður verði kynningarbæklingur um öldrunarþjónustu Reykjanesbæjar. Ábyrgð: RE

Áhersla verði lögð á fjölbreytta starfsemi á Nesvöllum. Gestum Nesvalla verði tryggður aðgangur að tölvu til afnota. Ábyrgð: ILG/KJ

Sett verði upp teymi starfsmanna sem sérhæfir sig í þjónustu á heimilum geðfatlaðra. Mikilvægt er að samvinna sé við HSS og geðteymi varðandi sameiginlega viðskiptavini. Ábyrgð: KJ/HG

#### **Gæsluvellir 04-182**

Rekstur gæsluvalla verði endurskoðaður m.a. með það í huga hvort leggja skuli þá alveg niður eða sameina á einn stað. Ábyrgð: HÁ/RE

Verði áfram starfsræktir gæsluvellir, er mikilvægt að ráðning starfsmanna á þá verði með góðum fyrirvara. Jafnframt að ástand þeirra verði tekið út með góðum fyrirvara og nauðsynlegar úrbætur gerðar fyrir sumarið. Verkefnið verði unnið í samvinnu við USK. Ábyrgð: HG

#### **Dagforeldrar og umönnunargreiðslur 04-171**

Upplýsingar um umönnunargreiðslur á vef Reykjanesbæjar verði uppfærðar. Ábyrgð: II

Samtök dagforeldra í Reykjanesbæ fái aðgang að Nesvöllum til mánaðarlegra funda. Ábyrgð: RE

Reykjanesbær haldi, í samvinnu við Samtök dagforeldra, fræðslufund fyrir dagforeldra einu sinni á ári. Ábyrgð: RE

Dagforeldrar fái aðstoð frá Upplýsingasviði Reykjanesbæjar við gerð heimasíðu til kynningar á starfsemi þeirra og upplýsingamiðlunar til foreldra. Ábyrgð: RE

Reykjanesbær greiði niður helming námsskeiðskostnaðar fyrir dagforeldra sem hafa starfað hjá Reykjanesbæ í tvö ár. Einnig verða dagforeldrar styrktir til kerrukaupa. Ábyrgð: RE

Þeir dagforeldrar sem starfað hafa í 10 ár eða lengur í Reykjanesbæ fá viðurkenningu frá sveitarfélaginu. Viðurkenningarnar verða veittar á „Degi fjölskyldunnar“ sem haldinn er árlega. Ábyrgð: RE

#### **Dagdvöl 02-410**

Sótt verði um fjölgun leyfa úr 15 í 20 í almennri dagdvöl fyrir aldraða til Félags- og tryggingamálaráðuneytis. Ábyrgð: HÁ/ILG

Hugað verði að helgarþjónustu dagvistar fyrir minnissjúka með aðkomu Félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Ábyrgð: ILG

Könnuð verði þörf á sambýli fyrir minnissjúka. Ábyrgð: ILG

#### **Húsnæðismál 02-180**

Vegna mikils tímabundins álags við endurnýjun húsaleigubóta í janúar og ágúst verði leitast við að koma inn með aðstoð við vinnsluna. Einnig verði hugað að aukningu á stöðugildi almennt í vinnslu húsaleigubóta. Ábyrgð: HÁ/SG

Skoðað verði hvort unnt er að auka samstarf við afgreiðslu á bæjarskrifstofunni vegna móttöku gagna er varða húsaleigubætur. Ábyrgð: SG/RE

Þeim aðilum sem eru í skuld við Fasteignafélag Reykjanesbæjar verði boðið upp á fjármálanámskeið. Ábyrgð: RE/SG

#### **Jafnréttis- og fjölskyldumál 02-190**

Unnið verði samkvæmt Jafnréttisáætlun. Ábyrgð: RE

#### **Málefni fatlaðra 02-510 og 519**

Allur akstur fatlaðra fari í endurskoðun með það að markmiði að hagræða í rekstri og auka skilvirkni. Ábyrgð: HÁ/RE

Haldinn verði fræðslufundur fyrir starfsfólk í liðveislu. Ábyrgð: RE

Gerð verði könnun á viðhorfum, viðskiptavina akstursþjónustu fatlaðra, til þjónustunnar. Ábyrgð: RE/ÁE

## Forvarnir og þróun

### Hælisleitendur 02-650

Samstarf Reykjanesbæjar og Útlendingastofnunar vegna samnings um umönnun hælisleitenda verði eftt enn frekar. Ábyrgð: HÓE/II

Unnið verði að verklagsreglum vegna vegalausra barna í samstarfi við barnavernd. Ábyrgð: HÓE/MG

Unnið verði að gerð móttökubæklings fyrir hælisleitendur þar sem lögð er áhersla á upplýsingagjöf um þjónustu við hælisleitendur og fræðslu um íslenskt samfélag. Ábyrgð: II

Áhersla verði lögð á fræðslu fyrir samstarfsaðila s.s. R.K.Í., sjálfboðaliða, lögreglu, o.fl. Ábyrgð: HÓE

Áhersla verði lögð á að efla samstarf við stoðþjónustu FFR og Félags-og tryggingamálaráðuneytið vegna aðstoðar við hælisleitendur sem fá dvalarleyfi á Íslandi, hælisleitendur sem draga umsókn sína um hæli til baka og við erlenda ríkisborgara sem eiga ekki lögheimili á Íslandi og eru í neyð. Ábyrgð: HÓE/RE

### Fjölmennig 02-190

Áfram verði lögð áhersla á samþættingu í þjónustu og aðgengi fólks af ólíkum kynþáttum um afnot af opinberri þjónustu á jafnréttisgrundvelli. Málafni innflytjenda koma inn á alla málaflokka sveitarfélaga og þarf því að vera innbyggt í alla stefnumótun, stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélagsins að hagsmuna innflytjenda sé gætt til jafns við aðra íbúa sveitarfélagsins. Ábyrgð: HÓE

Gefin verði út handbók á íslensku og öðrum tungumálum með upplýsingaefni fyrir nýja íbúa í sveitarfélaginu á réttindum þeirra og skyldum. Ábyrgð: HÓE/DG

Áfram verði unnið að stuðningi við íbúa af erlendum uppruna til að auðvelda aðlögun þeirra að samfélaginu og möguleika á að nýta þá þjónustu sem er í boði með því að bæta aðgengi að heimasíðu bæjarins, útgáfu fréttabréfa og íslenskukennslu. Ábyrgð: SK

Áfram verði lögð áhersla á fræðslu um fordóma, birtingarform þeirra og hvernig unnt er að vinna gegn þeim, skapa og viðhalda jákvæðu fjölmenningsarsamfélagi. Unnið verður útfrá niðurstöðum kannana og rannsókna. Fræðslan verður fyrir; starfsmenn Reykjanesbæjar, þjálfara og leiðbeinendur í íþrótt- og tólmundastarfi, nemendur í leik- og grunnskólum, iðkendur í íþrótt- og tólmundastarf, foreldra o.fl.

Ábyrgð: HÓE/DR/GP/HBB

Áfram verði lögð áhersla á að kynna íslenska menningu, siði og viðburði í sveitarfélaginu svo og að kynna erlenda siði og menningu fyrir Íslendingum. Ábyrgð: HBP/HÓE

Fjölmenningsstefna Reykjanesbæjar verði endurskoðuð. Ábyrgð: HÓE

### Forvarnir

Áhersla verður lögð á sívirka vinnslu í forvörnum, grundvallaða á niðurstöðum rannsókna og kannana og samvinnu allra samstarfsaðila um forvarnir. Líflínan - líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan íbúa, hamingja og heilbrigði er lögð til grundvallar. Áhersla lögð á samþættingu, samvinnu og samstarf opinberra aðila, einkaaðila, félagasamtaka og notenda til að styrkja öryggisnetið í kringum einstaklinga og fjölskyldur. Ábyrgð: HÓE

Forvarnarstefna sveitarfélagsins verði endurskoðuð m.t.t. heildstæðrar stefnu til að efla heilbrigði og hamingju íbúa Reykjanesbæjar(nóv.2008). Forvarnaraðgerðir skulu miða að því að efla öryggi, umhyggju og þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og stuðla þannig að því að einstaklingar lifi heilbrigðu lífi án vímuefna. Aðgerðaáætlun lögð fram fyrir hvert ár. Ábyrgð: HÓE

Barátta gegn fíkniefnanotkun. Aukin fræðsla til foreldra og forráðamanna og aukin samstarf lykilaðila í forvörnum. Innleiðing aðgerðaáætlunar í fíknivörnum(nóv. 2008). Ábyrgð: HÓE

SAMTAKA-hópurinn gegnir áfram því lykilhlutverki að taka á þeim aðstæðum sem upp koma hverju sinni með það að markmiði að bæta umhverfi barna og ungmenna í Reykjanesbæ, hafa yfirsýn yfir meðferðar-og uppeldisúrræði sem til staðar eru í bæjarfélaginu og að fylgjast með og þróa nýjungar varðandi úrræði í unglíngamálum, koma hugmyndum á framfæri til viðkomandi stofnana og félagasamtaka og vera ráðgefandi um stofnun ýmissa meðferðarúrræða. Ábyrgð: HÓE

Boðið verði upp á námskeiðið „Barnið komið heim“ í samstarfi við Keflavíkirkirkju. Námskeiðið er ætlað fyrir pör og hjón sem nýlega hafa eignast barn. Ábyrgð: HÓE

Boðið verði upp á námskeiðið „Áfram ábyrg – áhrif skilnaðar á börn“. Námskeiðið er fræðsla og stuðningur fyrir börn fráskilinna foreldra. Námskeiðið er haldið í samstarfi við Keflavíkirkirkju. Ábyrgð: HÓE